



1586. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
1.7.2015, kl. 11:30

1. Fundargerð 1585. fundar

Samþykkt.

2. Miðnæturhlaup

Svava Oddný sagði frá Miðnæturhlaupinu sem var haldið í 23. sinn þann 23. júní sl. í samstarfi við Ármann, Fjölni o.fl. Metþátttaka var í hlaupinu en 2.720 hlupu 5km (1.386), 10 km (809) eða 21,1 km (525). Erlendum hlaupurum fjölgaði margfallt mv. fyrri ár (630 frá 48 löndum). Meðal annars rætt um þátttökugjöld, hvort svigrúm er fyrir hækkanir.

3. Verkefnasjóður

Anna Lilja kynnti fyrirleggjandi tillögu sjóðsstjórnar um 19 styrki að heildarupphæð kr. 1.900.000,-. Tillagan samþykkt.

4. Afrekssjóður

Örn kynnti fyrirleggjandi tillögu sjóðsstjórnar um 11 styrki að heildarupphæð kr. 1.450.000,-. Tillagan samþykkt.

5. Önnur mál

- Umræður um rekstur íþróttafélaga og þá ekki síst þegar rekstur íþróttafélags og einkaaðila skarast undir merkjum íþróttafélags. M.a. rætt stefnu ÍSÍ hvað þetta varðar og hvort þurfi jafn vel að endurskoða lögin. Samþykkt að Frímenn sendi erindi til ÍSÍ.
- Guðrún Ósk sagði frá þátttöku Reykvíkinga í Alþjóðaleikum ungmenna sem voru haldnir í Alkmaar í Hollandi 24.-29. júní sl.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari